

Ár 2015, fimmtudaginn 20. ágúst kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Eypór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Eypór H. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar var borin upp eftirfarandi dagskrárbreytingartillaga:

Við bætist liður 2.5 Atvinnustefna Hveragerðisbæjar – fyrstu drög kynning.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 5. ágúst 2015.**
Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um framkvæmd þeirra umbóta sem áætlaðar voru í umbótaáætlun sveitarfélagsins og Grunnskólans í Hveragerði eftir úttekt á starfsemi skólans.
Bæjarstjóra falið að svara erindinu í samráði við skólastjóra.
- 1.2. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 5. ágúst 2015.**
Í bréfinu eru upplýsingar um úthlutun úr Námsgagnasjóði árið 2015. Grunnskólinn í Hveragerði fær úthlutað kr 394.772.-.
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Landsbankanum frá 13. ágúst 2015.**
Bréfið er svar Landsbankans við óskum bæjarráðs frá því 6.ágúst um frekari rökstuðning vegna óska bankans um að skipulagsyfirvöld í Hveragerði veiti undanþágu frá byggingaskyldu á Austurmörk 25 í Hveragerði, fastanúmer 221-08212 sbr. 2. mgr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar.
Bæjarráð samþykkir að veita Landsbankanum undanþágu frá byggingaskyldu á Austurmörk 25 á grundvelli þeirra raka sem sett eru fram í bréfinu.
- 1.4. **Lausnum lögmannsstofu frá 11. ágúst 2015.**
Í bréfinu sem ritað er fyrir hönd Ræktunarmiðstöðvarinnar sf er óskað eftir að bærinn innleysi fasteignirnar Þelamörk 29 í samræmi við 4. mgr. 51. gr. skipulagslaga nr. 123/ 2010.
Bæjarstjóra falið að svara bréfitara í samráði við lögmann bæjarins.

1.5. Viktori Sveinssyni frá 12. júlí 2015.

Í bréfinu er óskað eftir leyfi til að nota texta um Kristinn Pétursson sem var í bæklingi er Hveragerðisbær og Listasafn ASÍ gerðu árið 1996.

Bæjarráð heimilar notkun textans fyrir sitt leyti enda hafa aðrir sem komu að gerð bæklingins heimilað notkun hans.

1.6. Diðriki Jóhanni Sæmundssyni frá 4. ágúst 2015.

Í bréfinu mótmælir Diðrik bréfi er hann fékk frá Hveragerðisbæ vegna áskorunar um úrbætur, tilkynningu um mögulega álagningu dagsekta.

Bæjarráð mótmælir fullyrðingum um meint vanhæfi starfsmanna bæjarins til að koma að málum á Friðarstöðum. Að öðru leyti er bæjarstjóra falið að svara erindinu í samráði við lögmann bæjarins.

2. Tæknileg málefni:**2.1. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa v/ vatnsveitu Hveragerðis, rannsóknir á öflun neysluvatns undir sunnanverðu Reykjafjalli.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 12. ágúst 2015 vegna rannsókna á öflun neysluvatns undir sunnanverðu Reykjafjalli.

Bæjarráð samþykkir að gengið verði strax til samninga við Ísor um frekari könnun á mögulegri vatnstöku við gamla vatnsból Vatnsveitu Hveragerðis við Ölfusborgir og ráðgjöf um hvernig standa eigi að rannsóknarborunum þar og gerð vinnsluholu ef niðurstöður rannsókna verða jákvæðar.

2.2. Minnisblað frá bæjarstjóra v/ sumarlokunar leikskóla Hveragerðisbæjar.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 18. ágúst 2015 vegna sumarlokana á leikskólum Hveragerðisbæjar.

Bæjarráð samþykkir að næsta sumar verði leikskólarnir lokaðir í fjórar vikur í stað fimm og að ekki verði skörun á lokun þeirra.

2.3. Minnisblað frá bæjarstjóra v/eftirlits með umgengni í Reykjadal.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 4. ágúst 2015 vegna eftirfylgni með umgengni í Reykjadal.

Í minnisblaðinu kemur fram að ljóst sé að sá mikli fjöldi ferðamanna sem sækir Reykjadalinn heim árlega hefur áhrif á umhverfið og skilur eftir sig spor þó að velflestir séu passasamir og taki með sér það rusl sem fellur til á ferðum um dalina.

Þó er nú svo komið að mikilvægt er að farið sé reglulega yfir svæðið og sýnilegt rusl fjarlægt og séð til þess að umgengni sé eins og best verður á kosið.

Bæjarráð samþykkir að senda Sveitarfélaginu Ölfusi erindi þar sem gerð er grein fyrir þörfinni á einhvers konar „landvörslu“ nú þegar svo þessi gönguleið verði áfram til þess sóma sem efni standa til .

Auk þess samþykkir bæjarráð að óska eftir lagfæringu á sveitarfélagamörkum Hveragerðis og Sveitarfélagsins Ölfuss með það að markmiði að spildan ofan Varmár og að fjallsrótum tilheyrri Hveragerðisbæ.

2.4. **Reglur um frístundaskóla í Hveragerði.**

Lagðar fram breyttar reglur um frístundaskóla í Hveragerði.

Bæjarráð samþykkir reglurnar.

2.5. **Atvinnustefna Hveragerðisbæjar – fyrstu drög kynning.**

Þórarinn V. Sveinsson atvinnuráðgjafi SASS kom á fundinn og gerði grein fyrir þeirri vinnu sem farið hefur fram við gerð stefnunnar og kynnti einnig fyrstu drög að atvinnustefnu.

Stefnan verður aftur á dagskrá næsta fundar bæjarráðs.

3. **Fjárhagsleg málefni:**

3.1. **Umsóknir um styrk fyrir nema í leikskólakennarafræðum.**

Lagðar fram umsóknir frá Hafdísí Ó. Guðmundsdóttur og Ingu Rós Karlsdóttur starfsmanna leikskólans Óskaland um styrk til náms í leikskólafræðum (B.Ed) og frá Laufeyju Heimisdóttur leikskólakennara á Óskalandi um styrk til framhaldsnáms (m.Ed).

Bæjarráð samþykkir umsóknirnar enda falla þær undir nýsamþykktar reglur um styrkveitingar sem hvetja eiga starfsmenn og íbúa til að sækja sér menntun á sviði leikskólafræða.

3.2. **Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun - Umhverfisfulltrúi.**

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna viðhalds bíla og flutningatækja í vélamiðstöð.

Bæjarráð samþykkir viðauka að upphæð kr. 2 milljónir sem fari af lið 21-01-9990-1 til síðari ráðstöfunar í bæjarstjórn.

4. **Verkfundagerðir:**

4.1. **Grunnskólinn í Hveragerði, eldhús frá 12. ágúst 2015.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4.2. **Sundlaugarhús Laugaskarði, viðhald utanhúss frá 13. ágúst 2015.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. **Fundargerðir til kynningar:**

- 5.1. **SASS frá 7. ágúst 2015.**
- 5.2. **Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 3. júlí 2015.**
- 5.3. **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 22. júní 2015.**
- 5.4. **Stjórnar þjónustusvæðis vegna máefna fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 12. ágúst 2015.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:05

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)